

## Frumvarp til laga

um breytingu á ýmsum lögum vegna sameiningar rannsóknarnefndar flugslysa,  
rannsóknarnefndar sjóslysa og rannsóknarnefndar umferðarslysa  
í rannsóknarnefnd samgönguslysa.

Frá umhverfis- og samgöngunefnd.

### I. KAFLI

#### **Breyting á siglingalögum, nr. 34/1985, með síðari breytingum.**

1. gr.

Í stað orðanna „rannsóknarnefnd sjóslysa“ í 1., 2. og 4. mgr. 220. gr., 3. mgr. 221. gr. og 5. og 8. mgr. 226. gr. laganna kemur: rannsóknarnefnd samgönguslysa.

### II. KAFLI

#### **Breyting á lögum um köfun, nr. 31/1996, með síðari breytingum.**

2. gr.

Í stað orðanna „rannsóknarnefnd sjóslysa“ í 2. mgr. 7. gr. laganna kemur: rannsóknarnefnd samgönguslysa.

### III. KAFLI

#### **Breyting á lögum um loftferðir, nr. 60/1998, með síðari breytingum.**

3. gr.

Í stað orðanna „rannsóknarnefndar flugslysa, sbr. lög um rannsókn flugslysa, nr. 35/2004“ í 1. mgr. 47. gr. laganna kemur: rannsóknarnefndar samgönguslysa, sbr. lög um rannsókn samgönguslysa.

4. gr.

Í stað orðanna „Rannsóknarnefnd flugslysa“ í 2. mgr. 132. gr. laganna kemur: Rannsóknarnefnd samgönguslysa.

### IV. KAFLI

#### **Breyting á lögum um björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn, nr. 43/2003, með síðari breytingum.**

5. gr.

Í stað orðanna „rannsóknarnefnd flugslysa“ í 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: rannsóknarnefnd samgönguslysa.

## V. KAFLI

**Breyting á lögum um almannavarnir, nr. 82/2008, með síðari breytingum.**

## 6. gr.

Í stað orðanna „lögum um rannsóknarnefnd umferðarslysa“ í 3. mgr. 31. gr. laganna kemur: lögum um rannsókn samgönguslysa.

## 7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2013.

## Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt af umhverfis- og samgöngunefnd sem fylgifrumvarp með frumvarpi til laga um rannsókn samgönguslysa. Með frumvarpi til laga um rannsókn samgönguslysa eru rannsóknarnefnd flugslysa, rannsóknarnefnd sjóslysa og rannsóknarnefnd umferðarslysa sameinaðar í eina rannsóknarnefnd samgönguslysa. Með þessu frumvarpi er ákvæðum sérlega sem vísa í rannsóknarnefndirnar þrjár breytt þannig að vísað er til rannsóknarnefndar samgönguslysa.